23. mars 2020

Covid 19 og aðgerðir til að lækka rekstrarkostnað

Þegar stungið var uppá þessum lið í dagskrá fundarins var staðan sú að búið var að loka skíðaleigu og veitingasölu en lyftur opnar. Þá stóð til að fara yfir stöðuna miðað við þá stöðu. Í millitíðinni hefur lyftum verið lokað og þá breytist staðan í það að í raun er verið að leggjast í frágang fyrir sumarið.

Rekstur

Það þarf auðvitað ekki að taka það fram að lokun skíðasvæða almennt á miðjum vetri er rekstrarlegur skellur. Það má færa góð rök fyrir því að í ár sé þetta sérstaklega mikill skellur þar sem snjóbirgðir í fjöllunum eru óvenju góðar og útlit fyrir mikilvæga daga, sem eru framundan, mjög gott.

Samningar og starfsfólk

Flestir starfsmenn eru ráðnir til 30. apríl, sumir til 31. maí 2020. Allir starfsmenn nema 2 eru á samningi sem gerir ráð fyrir dagvinnu og yfirvinnu. Þeir 2 sem eru á vöktum eru troðaramenn og vinna á sitthvorri vikunni á nóttunni.

- Engir samningar verða styttir en starfsfólki að sjálfsögðu boðið að hætta sjálft séu aðstæður hjá þeim þannig að þau vilja komast í aðra vinnu eða eftir atvikum til síns heima.
- Yfirvinna er ekki í boði

Verkefni

Næg verkerfni eru í Bláfjöllum og Skálafelli. Göngubrautir verða troðnar á hverjum degi sem veður leyfir en að öðru leiti er heilmikill frágangur sem þarf að eiga sér stað. Dæmi um slíkt er:

- Box á lyftum fjarlægð og smurð
- Lyftur smurðar og almennt viðhald
- Viðhald í skála
- Yfirfara allan skiðaleigubúnað
- Vorviðhald á tækjum og troðurum
- Frágangur í skemmu, lyftuhúsum ofl.
- Þrif á skála og skil á söluvöru sem hægt er að skila

Virðingarfyllst,

Magnús Árnason